

Nd.

340. Frumvarp til laga

um verðlag.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Viðskiptaráð, sem skipað er samkvæmt lögum um innflutning og gjaldeyrismeðferð, frá 16. jan. þ. á., skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur það hæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi ráðuneytisins vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur Viðskiptaráð og úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vörum. Þá getur og Viðskiptaráð ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur Viðskiptaráð og ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra, sem gerir tillögur til Viðskiptaráðs um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með að þeim sé hlýtt. Hann skipar trúnaðarmenn um land allt til verðlagseftirlits. Hann hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Ef upp ris ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker Viðskiptaráð úr.

Þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

3. gr.

Þegar Viðskiptaráð fjallar um verðlagsmál, skulu tveir nefndarmenn jafnan vikja úr ráðinu samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar í skipunarbréfum þeirra, og skulu í þeirra stað koma verðlagsstjóri og annar maður, er ríkisstjórnin skipar, með atkvæðisrétti um verðlagsákvæðanir.

Í Viðskiptaráði ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir þess og ályktanir fullnaðarúrslit verðlagsmála. Þó má taka mál til meðferðar að nýju, ef ástæður hafa breytt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta. Viðskiptaráð er ekki ályktunarfært um verðlagsmál nema það sé fullskipað.

4. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innhyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunargagnað af þeim síðar.

5. gr.

Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af Viðskiptaráði, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvæðanirnar skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

6. gr.

Viðskiptaráði, verðlagsstjóra, starfsmönnum eða öðrum, sem afskipti hafa um framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem um getur í 2. gr., að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

7. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðlagseftirliti samkvæmt 1. gr., nema með leyfi Viðskiptaráðs.

8. gr.

Kostnaður við framkvæmd verðlagseftirlitsins greiðist af ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur Viðskiptaráðs hrökkva ekki til þess, þegar greiddur er allur kostnaður Viðskiptaráðsins.

9. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, er um ræðir í 2. gr., skal sæta 10—100 kr. dagsektum. Sá, sem gefur rangar skýrslur til verðlagsstjóra, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot á lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 000 kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má og svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar.

10. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 9. gr. fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Með lögum þessum eru lög nr. 79 frá 1. sept. 1942 numin úr gildi.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allar verðlagsákvarðanir um hámarksverð og hámarksálagningu, sem í gildi eru við gildistöku laganna, skulu haldast fyrst um sinn, þar til Viðskiptaráð hefur afnumið þær eða sett ný ákvæði í stað þeirra.